

LÖG

um lýðskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið laga þessara er að stuðla að starfrækslu lýðskóla á Íslandi. Með lýðskólum er átt við skóla sem hafa það að markmiði að veita almenna menntun og uppfræðslu í samræmi við ákvæði laganna og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Lög þessi gilda um lýðskóla sem hafa hlotið viðurkenningu Menntamálastofnunar samkvæmt lögnum.

2. gr.

Yfirstjórn.

Ráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til.

II. KAFLI

Viðurkenning lýðskóla og fjármögnun.

3. gr.

Skilyrði.

Menntamálastofnun getur veitt skólum eða stofnunum viðurkenningu til fimm ára í senn til að starfa undir heitinu lýðskóli, sbr. 1. gr.

Lýðskólar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta viðurkenningu Menntamálastofnunar:

- Skólinn skal vera rekinn samkvæmt viðurkenndu rekstrarformi, vera sjálfstæður og ekki rekinn með fjárhagslegan ágóða að markmiði.
- Skólinn skal geta sýnt hvernig fjárhagslegri ábyrgð sé háttað og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi starfseminnar sé tryggt.
- Skólinn skal hafa á að skipa skólahúsnæði, þ.e. húsnæði vegna kennslu og til að starfrækja heimavist sem uppfyllir lög og reglugerðir þar að lútandi, sbr. 8. gr.
- Yfir skólanum skal vera stjórn sem ber ábyrgð á starfsemi hans. Stjórnin ræður skólastjóra til að stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi lýðskóla í umboði stjórnar.
- Skólastjóri skal hafa lokið námi á háskólastigi sem tengja má við starfsemi lýðskóla og velferð nemenda, auk stjórnunarnáms eða kennslureynslu. Skólastjóri lýðskóla ber faglega ábyrgð á starfseminni og að skólinn starfi samkvæmt þessum lögum.
- Nemendur skulu hafa náð 18 ára aldri er þeir hefja nám í lýðskóla, sbr. 9. gr. Fjöldi nemenda skal vera hið minnsta 15 á ári að meðaltali, á hverju þriggja ára tímabili.

